

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 5. mars 2024  
Málsnúmer: 202401-0096  
IAS

### Efni: Breyting á aðalskipulagi, strengur á milli Rimakots og Vestmannaeyja

Vísað er í erindi frá Rangárþingi Eystra í gegnum skipulagsgátt, dags. 29. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi vegna strengs á milli Rimakots í Rangárþingi eystra og Vestmannaeyja.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér málið og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Strengleiðin frá Rimakoti er innan mikilvæga fuglasvæðisins: Suðurlandsundirlendi, votlendi og önnur svæði inn til landsins. Þetta svæði er stórt og eru fyrirhugaðar framkvæmdir, eins og þeim er lýst á um 2 km leið frá Rimakoti að sjó í útjaðri svæðisins, ekki líklegar til að hafa mikil áhrif á fuglalíf eða gróðurlendi.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur

